



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

## HEITAVATNSÖFLUN Á YTRI-TJÖRNUM FYRIR HITAVEITU AKUREYRAR

Ásgrímur Guðmundsson  
Þorsteinn Thorsteinsson

OS79009/JHD03  
Reykjavík, febrúar 1979

Unnið fyrir  
Hitaveitu Akureyrar

# **HEITAVATNSÖFLUN Á YTRI-TJÖRNUM FYRIR HITAVEITU AKUREYRAR**

**Ásgrímur Guðmundsson  
Þorsteinn Thorsteinsson**

**OS79009/JHD03  
Reykjavík, febrúar 1979**

**Unnið fyrir  
Hitaveitu Akureyrar**

EFNISYFIRLIT

---

	Bls.
SKRÁ YFIR TÖFLUR .....	4
SKRÁ YFIR MYNDIR .....	4
ÁGRIP .....	5
1 INNGANGUR .....	7
2 FRAMKVÆMD BORUNAR .....	8
2.1 Borsaga TN-1 og TN-1B .....	8
2.2 Borsaga TN-2 .....	10
3 JARÐLÖG OG UMMYNDUN .....	13
4 VATNSÆÐAR OG HITI .....	15
5 RENNNSLI OG VINNSLA .....	17
5.1 Rennslismælingar .....	17
5.2 Vatnsgæfni við Ytri-Tjarnir .....	18
5.3 Djúpdælur .....	18
6 HELSTU NIÐURSTÖÐUR .....	23
HEIMILDASKRÁ .....	24
MYNDIR .....	25
VIÐAUKI .....	45

## TÖFLUR

---

	Bls.
1 Vatnsæðar í borholum .....	16
2 Prýstiprófun í TN-2 .....	20-22

## MYNDIR

---

1 Ytri-Tjarnir. Vinnslusvæði jarðhita .....	27
2 Jarðlagasnið A-A <sup>1</sup> .....	28
3 Jarðlagasnið TN-1 (blað 1 og 2) .....	29
4 Jarðlagasnið TN-1B (blað 1 og 2) .....	31
5 Jarðlagasnið TN-2 (blað 1 og 2) .....	33
6 Hitamælingar í TN-1 .....	35
7 Hitamælingar í TN-2 .....	36
8 " " " .....	37
9 Prýstidæling í TN-2 .....	38
10 " " " .....	39
11 Prýstiprófun á TN-2 .....	40
12 " " " .....	41
13 " " " .....	42
14 Prepadæling í TN-2 .....	43

## VIÐAUKI

---

Jarðagalýsing borhola .....	45
TN-1 .....	47
TN-1B .....	59
TN-2 .....	64

## AGRIP

---

A tímabilinu febrúar-september 1978 voru boraðar þrjár heitavatns-holur á Ytri-Tjörnum fyrir Hitaveitu Akureyrar. TN-1 varð 1109 m djúp og þegar mest var runnu úr holunni 54 l/s. Þegar fóðringin í holunni var steypt vildi það óhapp til að hún (fóðringin) lagðist saman á um það bil 125 m dýpi og urðu borstangir og pakkari eftir niðri. Sjálfrennsli var þá 40 sekúndulítrar af 76°C heitu vatni. TN-1B var boruð út úr TN-1 á 125 m dýpi og niður í 961 m. Að borun lækinni var frjálst rennsli komið niður í 21,5 sekúndulítra af 76,5°C heitu vatni. Þá var TN-2 boruð og varð 1482 m djúp. Svo illa vildi til í borun að stargarlengjan brotnaði á 1382 m og náðist ekki upp. Mest var 17-20 sekúndulítra sjálfrennsli í borun en við tilraunir í lok borunar við að ná stangarbrotunum upp minnkaði rennslið niður í 4,6 sekúndulítra.

Berggangar voru skornir nokkuð grynnra en til var ætlast í fyrstu og virðist því halli þeirra vera 2-3° meiri en áætlað var miðað við lóðréttu holu.

Ólivín-þóleít og dílabasalt eru ráðandi berggerðir niður á um það bil 350 m en þar fyrir neðan verður þóleít basalt nokkuð áberandi og alveg ráðandi frá 750 m niður á 1300 m. Þá fer ólivín-þóleít að sjást á ný. Nokkur þykk set- og móbergslög sjást öðru hvoru.

Ekki hefur enn orðið vart við nein grunnvatnstengsl milli Laugalands-svæðisins og Ytri-Tjarna.



1 INNGANGUR

---

Við heitavatnsöflun fyrir Hitaveitu Akureyrar hefur fram til þessa verið lögð megináhersla á borframkvæmdir á Laugalandssvæðinu.

Þó var boruð ein hola á Gríasará haustið 1977 (Ásgrímur Guðmundsson o.fl. 1978). Samfara borunum hafa verið í gangi rannsóknir á vegum Jarðhitadeildar Orkustofnunar og má þar til nefna segulmælingar, viðnámsmælingar, frekari könnun á yfirborðsjarðhita, áframhaldandi kortlagning á jarðlagastaflanum ásamt dreifingu og stefnu bergganga, svarfgreining auk efnagreininga á vatni úr laugum og borholum (Axel Björnsson & Kristján Sæmundsson 1975, Axel Björnsson o.fl. 1978).

Rannsóknirnar hafa leitt í ljós að ákveðin svæði eru ákjósanlegri en önnur til heitavatnsöflunar. Eitt þeirra er Ytri-Tjarna-Bjarkarsvæðið. Þar eru laugar sem liggja í norður-suður stefnu á 150 m löngum kafla og er þar nyrst Bjarkarlaug. Litlu austan við laugarnar liggur berggangur sem hefur verið rakinn með segulmælingum inn á Laugalandssvæðið og er talinn vera líklegasti vatnsleiðarinn. Gengið var út frá þessum forsendum þegar TN-1 var staðsett, tæpa 60 m vestur frá ganginum og um 14 m suður af landamerkjagirðingu. Aætlað var að skera bergganginn á 600 m dýpi. Mikið vatn kom í holuna en um  $20^{\circ}\text{C}$  kaldara en á Laugalandi. Var því önnur hola, TN-2, staðsett með tilliti til þess að skera ganginn, eða vatnsleiðarana, á meira dýpi. Hún er 120 m vestan við ganginn og 70 m VSV frá TN-1 (sjá mynd 1, vinnslusvæði jarðhita).

Í viðauka með skýrslunni er jarðlagalýsing fyrir hverja einstaka borholu.

2.1 Borsaga TN-1 og TN-1B

18. febrúar 1978 var jarðborinn Narfi fluttur að Ytri-Tjörnum. Áður hafði verið höggborað þar niður á tæpa 19 m en nú var sett niður 381 mm (15") króna og boraður einn og hálfur metri. Síðan var steypt úr 120 pokum af sementi í holuna.

Hin eiginlega borun byrjaði að morgni 20. febrúar með 216 mm (8 1/2") krónu og þegar farið var í frið þann 23. sama mánaðar var dýpið 383 m. Að loknu frii var hitamælt og reyndist rennsli þá vera 0,4 l/s. Tafir urðu vegna veðurs en borun hófst á ný 5. mars. Árangurinn létt ekki á sér standa því á 473 m dýpi kom fyrsta verulega vatnsæðin, þ.e. 15-20 l/s, og eftir hálfu aðra klukkustund var hitastigið komið upp í tæpar 59°C. Tekið var upp til að skipta um krónu þegar dýpið var orðið 620 m og síðan haldið áfram. Í tæpum 1000 m varð veruleg vatnsaukning. Þann 17. mars var létt á stangarlengju og var dýpið þá 1004 m. Hitamælt var í gegnum stangir, síðan voru boraðir 9 m í viðbót, niður í 1013 m og farið í páskafrí. Sama kvöldið mældu starfsmenn Hitaveitu Akureyrar 54 l/s frítt rennsli úr holunni.

Að loknu frii var holan hitamæld og var hiti á rennsli 73°C. Síðan var tekið til við að bora á ný. Þegar dýpið var orðið tæpir 1109 m var tekið upp og undirbún rýming með 381 mm (15") krónu og 406 mm (16") rýmara. Verkið gekk vel og var komið niður í 127 m þann 4. apríl. Þá var hætt vegna vatnavaxta í Eyjafjarðará því vegna vatnsins var talið að borplanið þyldi ekki þann titring sem var samfara rýmingunni. Seinni hluta dags 6. apríl var haldið áfram við að rýma og var því lokið í 283 m. Þá var tekið upp og fóðrun undirbúnin. Sett voru niður 356 mm (14") fóðurrör á áðurnefnt dýpi. Síðan var pakkari settur niður og átti hann að fara í 302 m en stoppaði í 284 m. Tekið var upp og sett niður 216 mm (8 1/2") króna en hún stöðvaðist á sama dýpi. Eftir að hafa skarkað í holunni niður í 287 m opnaðist hún og var engin fyrirstaða lengur. Pakkari var settur niður á ný og pakkað á 300 m dýpi og þannig stöðvað rennslið upp úr holunni. Þá var tekið til við að steypa fóðringuna fasta og notað til þess sement úr 80 pokum. Dælt var niður

utan með fóðringu. Er taka átti pakkarann upp festist hann á leiðinni. Fljótlega tókst að losa um en samt hafðist pakkarinn ekki upp. Þá var tekið til þess ráðs að skrúfa í sundur í 125 m dýpi og það híft upp sem fyrir ofan var. Eftir urðu í holunni:

23 stk. borsköft, samtals 176,7 m

1 " 194 mm (7 5/8") pakkari og 1 tengistykki (söbbur)

Frá 24. apríl - 6. maí var unnið við fiskun. Byrjað var að setja niður stangir og kom í ljós að ekki var hægt að komast lengra niður en á 125 m dýpi. Þá var settur niður dór (fiskari) og boraður með honum 1,5 m. Hann var tekinn upp og stangir settar niður og síðan reynt að hitta á samskeytin (skrúfganginn). Nokkrar tilraunir voru gerðar án árangurs. Næst var gripið til þess ráðs að setja niður 200 mm (7 7/8") krónu og borað með henni frá 125 m í 175 m, síðan var tekið upp á ný og sett niður 171 mm (6 3/4") króna og haldið áfram borun þar sem frá var horfið niður á 185 m. Steypa kom upp allan tímann meðan borað var. Eftir upptekt og í beinu framhaldi af síðustu aðgerð var sett niður á ný og borað utan með stöngum. Notuð voru til þess 244 mm (9 5/8") rör. Þá voru settar niður 94 mm (3 1/2") stangir og reynt að festa á, en heppnaðist ekki. Þann 3. maí var sett niður 316 mm (12 1/4") króna og borað niður í 139 m. Þá var settur niður dór og borað með honum í 169 m, en síðan híft aftur upp. Nú þótti ljóst að borinn væri kominn út úr holunni, í gegnum fóðringuna, og ekki virtist unnt að komast aftur inn í hana né að ná upp stöngunum og pakkaranum.

Hér verða kaflaskipti í borsögu holunnar. Ákveðið var af yfirborstjóra að setja niður 216 mm (8 1/2") krónu og álagsstangir og bora áfram út úr holunni, a.m.k. niður fyrir 300 m. Hefur þessari hliðarholu verið gefið nafnið TN-1B.

Eiginleg borun TN-1B byrjaði í 171 m. Þegar dýpið var orðið 250 m, var híft upp og bætt í 200 mm (7 7/8") rýmara og sett niður á ný. Borun var haldið áfram í 291 m, en þá tekið upp og rýmari fjarlægður. Síðan var sett niður á ný og haldið áfram borun. Þann 12. maí, þegar dýpið var orðið 355 m, var híft upp úr holunni, lagt út á vagna og farið í frið. Að loknu frii var byrjað á að hitamæla og síðan sett niður ný króna. Frá 180 m niður á botn var af og til fyrirstaða en síðan var borun haldið

áfram. Þegar dýpið var orðið 961 m brotnaði stangarlengjan á 348 m. Fiskari var settur niður en vildi ekki lengra en í 146 m. Hugkvæmdist bormönnum þá að beygja neðstu stöngina og tókst þá að komast niður og fiska. Tekið var upp úr holunni og stangir lagðar út. Þá var holan loftdæld (ekki vitað um dýpi á stöngum né niðurdrátt) og runnu ca. 48 l/s af 75°C heitu vatni upp. Að lokum var steypt milli fóðringa úr 80 pokum af sementi. Þann 27. maí var borinn felldur og fluttur yfir á næsta borstæði, TN-2.

Nokkuð ljóst er að á 125 m dýpi, þar sem skrúfað var í sundur, hefur verið borað út úr aðalholunni gegnum fóðringu.

## 2.2 Borsaga TN-2

Lokið var við að flytja jarðborinn Narfa frá TN-1 yfir á TN-2 28. maí 1978. Fyrst var forborað 444 mm (17 1/2") hola niður í 37 m, þá fóðrað með 406 mm (16") víðri fóðringu og síðan steypt. Notaðir voru 120 pokar af sementi og 8 m<sup>3</sup> af steypu. Þegar steypan var boruð út hrundi að krónu neðst í holunni og þurfti því að steypa á ný og nú úr 78 pokum.

Eiginleg borun hófst 31. maí með 216 mm (8 1/2") krónu. Þegar dýpið var orðið 193 m þurfti að taka upp og skipta um krónu og síðan aftur í 584 m. Stoppað var í 970-980 m dýpi og runnu þá 4 l/s úr holunni en fram að þeim tíma hafði vatnsborð fallið þegar stöngum var bætt í. Átjánða júní, á 1001 m dýpi, jókst vatnið skyndilega í 20 l/s. Eftir töf í 8 1/2 klst. reyndist vatnið 75,5°C heitt. Þá var tekið upp og létt á stangarlengjunni, þ.e. teknað úr álagsstangir, og svo skipt um krónu. Boraðir voru 78 metrar í viðbót, niður á 1079 m dýpi, og síðan farið í fri. Að því loknu var holan hitamæld og reyndist vera 81,2°C í botni en rennsli úr henni 16 l/s af 76°C heitu vatni. Borun var haldið áfram niður í 1235 m, þá tekið upp fyrir krónuskipti og rennsli mælt. Reyndist það 17,3 l/s af 77°C heitu vatni. Á 1380 m dýpi þurfti enn á ný að skipta um krónu. Jafnframt var reynt að hitamæla en mælikapall reyndist vera bilaður. Haldið var áfram borun niður í 1423 m, en þá farið í fri. Áður en borun hófst á ný mældist rennsli 17,5 l/s af 76,3°C heitu vatni. Ekki höfðu verið boraðir nema fáeinir metrar í viðbót þegar vart var við skoltap og aðeins runnu tærir tveir l/s úr holunni. Stoppað var vegna bilunar þann 20 júlí og var dýpið þá

1445 m. Þegar byrjað var að bora aftur þann 22. júlí var rennsli 4,6 l/s af 65,6°C heitu vatni. Þrem dögum síðar brotnaði stöng á 1382 m, en holudýpi var þá 1482 m. Holan var þá hitamæld og runnu úr henni 11 l/s af 73,6°C heitu vatni.

Fiskun var reynd en ekki hægt að hagga því er á botni sat. Verra var að ekki reyndist unnt að losa fiskitækin frá. Var þá gripið til þess ráðs að setja niður dynamít og sprengja í sundur. Að lokum tókst það eftir nokkrar tilraunir og þá með 68 túpum. Eftir voru í holunni fjögur borsköft og sjö álagsstangir, samtals 66,4 m. 7 l/s af 72°C heitu vatni runnu upp úr holunni eftir þetta. Loftdælingu var síðan komið á og komu upp 16-17 l/s; ekki er vitað um niðurdrátt en stangir náðu niður á 76,8 m.

Hér á eftir er reynt að lýsa atburðum eins og þeir gerðust frá degi til dags:

11.-13. ágúst. Hitamæling. Sett niður til þess að fiska upp stöng er datt niður í holu eftir loftdælingu. Jafnframt var holan skoluð með vatni og geli. Mikið kom upp. Síðan var loftdælt og náðu stangir niður í 85,4 m og upp runnu 19 l/s. Þá var undirbúið að setja niður 216 mm (8 1/2") krónu.

14. ágúst. Undirbúin steyping á 1384 m dýpi og steypt úr 70 pokum af sementi, síðan híft upp um 90 m.

15. ágúst. Steypa boruð frá 1308-1336 m. Hætt, þar sem hún var oflin. Ekki þótti steypan góð og var því boruð strax út. Holan var síðan skoluð með gelblöndu.

16. ágúst. Aftur steypt í sama kaflann úr 50 pokum af sementi. Steypa boruð frá 1332-1384 m. Hún var ekki nógu góð og mikið af sandi kom upp. Var því ákveðið að steypa á ný úr 115 pokum.

17. ágúst. Góð steypa boruð niður í 1384 m. Skolað í 30 mín. Síðan farið 1 m niður, en þá festist snögglega og krónan stíflaðist. Fljótlega tókst að losa.

18. ágúst. Miklu af sementi og sandi skolað upp, m.a. með geli. Frekari tilraunum til að ná því er sat og situr fast á botni hætt.

19. ágúst. Unnið við að hífa upp úr holunni. Það var seinlegt þar sem stangir voru fullar af geli. Síðan var loftdælt í 3 1/2 tíma. Upp komu 8,8 l/s af 68°C heitu vatni.

20.-24. ágúst. Áltappi settur niður í 304,5 m og undirbúin rýming með 311 mm (12 1/4") krónu.

24.-29. ágúst. Fri.

30. ágúst - 3. sept. Holan rýmd niður í 296 m. Síðan fóðruð með 298 mm (11 3/4") fóðringu, en hætt í 271 m vegna þrengsla. Áður hafði verið brúkaður undirrýmari. Síðan steypt fóðring með 80 pokum af sementi.

4.-6. sept. Unnið við fiskun á áltappa en gel notað á undan til að fleyta sandi upp. Fiskari tekinn upp úr og sett niður 216 mm (8 1/2") króna en frá 520-1380 m þurfti að bora af og til. Holan að lokum loftdæld í 5 tíma og runnu þá úr henni 10-12 l/s af 69°C heitu vatni.

Eftir þessar aðgerðir var pakkað á og í holuna. Pakkari var fyrst settur niður í 572 m og dælt undir hann í rúma 12 tíma. Næst var hann settur í 1010 m og dælt undir í rúma 21 klukkustund, en þegar tekið var upp úr holunni varð pakkaragúmmi eftir niðri á 780 m. Í fyrstu var reynt að fiska það upp en það færðist aðeins upp um 200 m og losnaði þar af. Þá var ákveðið að reka það niður á holubotn með stöngum og krónu. Að því búnu var dælt á holutoppinn í tveimur áföngum, alls í rúma 34 tíma. Loftdælt var á milli pakkana og hitamælt þegar hægt var að koma því við. Að lokum var holan þrepadæld til þess að kanna afkastagetu hennar. Aðgerðum við holuna var lokið þann 14. september (sjá myndir 9-14).

3 JARÐLÖG OG UMMYNDUN

---

Staðsetning TN-1 á Ytri-Tjörnum miðaðist við að skera berggang á um 600 m dýpi. Á yfirborði er gangurinn tæplega 60 m austur af holunni. Ekki er um að ræða neina opnu þar sem gangurinn sést berum augum nema ef vera skyldi í Laugalandsgilinu milli sundlaugar og prestseturs. Halli gangsins var áætlaður um 6° til vesturs frá lóðlinu. Líklegt er að hann hafi verið skorinn á 450-476 m dýpi í borun. Ef um er að ræða sama ganginn þá þýðir það um 8° halla, sé holan lóðrétt. Á rúnum 470 m var 15-20 sekúndulitra æð, þ.e. neðan til í ganginum, sem bendir til þess að vatnið komi eftir sprungum. Næstu millilög í nágrenni æðarinnar eru í 450 m og í 480 m, það síðar nefnda nokkuð þynnra en hitt. Ekki var um fleiri æðar að ræða í beinum tengslum við ganga í TN-1.

Eins og fram kemur í borsögunni hér á undan var holan TN-1B boruð út úr aðalholunni. Þar sést á því bili, sem gangurinn er í TN-1, þóleit basalt og millilagið í 480 m. Ekki varð vart neinna breyttinga í skoli, þ.e. rennslis- eða hitabreytinga, sem bendir eindregið til þess að lóðréttir eða því sem næst lóðréttir vatnsleiðarar ráði rennslinu. Fleiri gangar koma fram í TN-1, m.a. á bilinu 590 - 640 m og frá 670 í 740 m. Allþykk millilög koma fram þar sem þessir gangar eru skornir (sjá mynd 4) og væru millilögin afgerandi þáttur í að leiða vatnið að göngunum ættu að vera ákjósanlegar aðstæður til að fá vatn í holuna. Svo reyndist ekki vera í þetta sinn.

Einu bindingarnar um í hvaða átt TN-1B hefur borast út úr aðalholunni eru innskotin, þ.e. gangarnir, en miðað við hvar þeir koma inn má ætla að holan opnist til vesturs.

TN-2 var staðsett á sömu forsendum og TN-1, í 120 m fjarlægð frá áður-nefndum gangi. Hugmyndin var suð að skera ganginn dýpra og fá inn heitara vatn. Fyrst varð vart við gangberg á 746 m en svarfið var yfirleitt mjög blandað, svipað því að borað væri meðfram gangi. Greinilegt var þó að borað var í gegnum gang og var komið út úr honum í 873 m. Tveir þunnir gangar voru skornir neðar, frá 892 í 906 m og frá 928 í 938 m. Rétt þar fyrir neðan, í 940-950 m, er lítil æð, líklega í

kringum 4 l/s, sem gæti verið í tengslum við ganginn ofan við. Næsti gangur var frá 1038 í 1090 m. Samkvæmt borskýrslum varð um 16 l/s vatnsaukning í 1001 m, en því ber ekki saman við hitamælingar. Þær gefa til kynna að næsta æð sé annað hvort í 1050 m, sem er í miðjum gangi, eða í 950-980 m.

Jarðlagasnið voru gerð af öllum holunum (sjá myndir 3-5). Einnig var gert snið í gegnum holurnar (sjá mynd 2), merkt A-A' á mynd 1. Það liggur í VSV-ANA og fellur nánast saman við strikstefnuna. Ólivín-þóleiít basalt og dílabasalt eru ráðandi niður á u.p.b. 350 m. Á 350-750 m dýpi skiptast á þóleiít basaltlög, ólivín-þóleiít og dílabasaltlög. Þaðan og niður í 1300 m virðist vera nær eingöngu þóleiít basalt ásamt misþunnum millilögum. Neðan við 1300 m fer ólivín-þóleiit að sjást á ný. Nokkur set- eða móbergslög skera sig úr og eru vel nothæf í tengingar milli hola. Fyrst má nefna set eða móbergslag á bilinu 330 í 350 m, rautt og grænt á lit og sést í öllum holunum. Næst er grænt móbergslag á 420-430 m dýpi, en í holu TN-1 vottar fyrir þunnu rauðu millilagi efst á því. Á 670-690 m dýpi er nokkuð áberandi móbergslag- eða setlag, rautt og brúnt á lit. Það kemur fram í TN-2 og TN-1B, en berggangur er á þessu dýpi í TN-1.

Ummyndun er mjög sambærileg við Laugalandssvæðið, nema hvað laumontít-beltið virðist liggja ofar eða á 400-500 m dýpi. Það mætti einfaldlega skýra með auknum gangabéttleika, en er þó engan veginn fullvist.

4 VATNSEÐAR OG HITI

---

Nauðsynlegt er að þekkja hitastigul svæðis áður en farið er að vinna það, m.a. til þess að bera saman áætlaðan hita og mældan hita vinnsluholu. Við staðsetningu á hitastigulsholum liggja fyrir ákveðnar forsendur. Þyngst á metunum er að ekkert vatnskerfi hafi þar áhrif og berghiti sé ótruflaður af rennsli. Tvær hitastigulsholur hafa verið notaðar til að áætla berghita, þ.e. hitastigul á Eyjafjarðarsvæðinu sunnan Akureyrar. Þær eru að Hálsi í Hálsahreppi, 129 m djúp hola,  $62^{\circ}\text{C}/\text{km}$  og í grjótnámi á Akureyri, 99 m djúp hola,  $66^{\circ}\text{C}/\text{km}$ . Meðaltalið,  $64^{\circ}\text{C}/\text{km}$ , er notað.

Meðan á borun stóð var fylgst með breytingum á hitastigi og magni skolvatns. Þó að aðstæður til nákvæmra rennslismælinga hafi verið slæmar á Ytri-Tjörnum mátti sjá út frá hækjun á hitastigi hvort nýjar vatnsæðar væru skornar. Í flestum tilfellum var vatnsaukning það mikil að sjá mátti með berum augum. Ennfremur var hitamælt þegar því varð komið við. Ekki var samt um neina kerfisbundna skráningu að ræða á þeim upplýsingum er fengust við borunina, nema á hitamælingagögnum (sjá myndir 6, 7 og 8).

Fyrsta hitamælingin er gerð var í TN-1 náði niður á 340 m dýpi. Hún sýnir allvel berghitann, enda ótrufluð af rennsli neðan við 150 m. Á liðlega 1000 m dýpi mældist hitinn rúmlega  $81^{\circ}\text{C}$  og var rennsli úr holunni þá um 54 l/s (skv. mælingu starfsmanna Hitaveitu Akureyrar) en hún hafði þá hitnað upp í 12 sólarhringa. Sambærilegt hitastig fékkst úr TN-2, en þar mældist hitinn  $79^{\circ}\text{C}$  eftir eins og hálfss sólarhrings hlé á þróystidælingaraðgerðum. Rennsli var þá 4,5 l/s.

Ein hitamæling úr TN-1 uppfyllti því sem næst þau skilyrði sem eru sett til grundvallar hitastigulsholum. Reyndist hitastigullinn vera um  $70^{\circ}\text{C}/\text{km}$  eða ívið hærri en áætlað hafði verið. Ef mældi ferillinn er borinn saman við þann áætlaða sést greinilega að ríkjandi berghitastig er um  $20^{\circ}$  hærra heldur en hitastigullinn á samsvarandi dýpi. Samkvæmt því virðist vera eins og um  $20^{\circ}\text{C}$  hliðrun sé að ræða á hitastiglinum. Telja verður eitthvert ríkjandi vatnskerfi líklegastan orsakavald.

Æðin sem skorin var í 470 m í TN-1 er rúmlega 60°C heit og fellur því saman við mældan hitastigul en á rúmlega 1000 m dýpi kom inn önnur stærri vatnsæð, um 81°C heit. Botnhiti í TN-2 er sambærilegur við neðri æðina og er því að minnsta kosti samfellt vatnskerfi frá 1000 m niður í 1482 m en ekki er vitað um efri og neðri mörk þess. Ennfremur má benda á að hitastig vatnskerfisins er sambærilegt við áður mældan kísilhita í Bjarkarlaug.

TAFLA 1

Vatnsæðar í borholum

Vatnsæðar			
TN-1		TN-1B	TN-2
Dýpi, m	1/s	Dýpi, m	1/s
80	0,4		
140			
460-470	≈20		
530	?	540-550	
		620-630	
		780-800	
≈1000	>30	950-980	20
		1040-1050	
		1210	
		1420-30	skoltap

5 RENNSLI OG VINNSLA

5.1 Rennslismælingar

Rennslis- og þrýstingsmælingar hafa verið gerðar á holunum í borun og að aflokinni borun. Rennsli holu TN-1 að aflokinni fóðrun mældist 40 l/s, 76 °C, en við lok borunar skáholu var það orðið 22 l/s. Þepa-rennslisprófun gerð 78-05-15, er skáhola var í 355 m, gaf iðustreymisstuðulinn  $C = 0,011 \text{ m}/(\text{l/s})^2$  en prófun gerð að aflokinni borun skáholunnar 78-05-31 gaf  $C = 0,019$ . Frjálst rennsli úr holunni að aflokinni fyrri prófuninni mældist 35,0 l/s, 76,5 °C, en eftir þá seinni 21,5 l/s. Lokunarþrýstingur var ívið hærri eftir fyrri prófunina,  $1,2 \text{ kg/cm}^2$  á móti  $1,0 \text{ kg/cm}^2$  eftir þá seinni.

Lokað var fyrir rennsli TN-1 78-05-31 og reglubundnar mælingar gerðar á þrýstingi hennar meðan á borun TN-2 stóð. Eftir lokun hækkaði þrýstingur TN-1 línulega úr  $1,0 \text{ kg/cm}^2$  í  $2,90 \text{ kg/cm}^2$  en fór síðan lækkandi eftir að 17-20 l/s rennsli hófst úr vatnsæðum í 940-1030 m dýpi í TN-2 78-06-17. Hann var kominn niður í  $0,60 \text{ kg/cm}^2$  78-07-18 er bormenn hófu borun eftir helgarfri í 1422 m dýpi. Eftir 1 klst. borun, í 1422,5 m, varð algert skoltap (21 l/s) í holunni, og fór þá þrýstingur TN-1 strax að hækka og var kominn í  $1,55 \text{ kg/cm}^2$  78-07-21. Skoltapið í TN-2, er hún varð 1422,5 m, er ekki nauðsynlega vísbending um vatnsæð í því dýpi heldur er líklegra að 16 m vatnsstöðulækkunin, sem verður í holunni vegna kælingar vatnssúlunnar úr  $80^\circ\text{C}$ , þegar borun hefst að nýju eftir helgarfri, orsaki skoltapið í vatnsæðum sem fyrir voru í holunni neðan við 940 m dýpi. Rennsli úr TN-2 áður en borun hófst 78-07-18 mældist 17,5 l/s,  $76,3^\circ\text{C}$ , og er iðustreymisstuðull holunnar skv. því og stöðuþrýstingi TN-1,  $0,60 \text{ kg/cm}^2$ , áætlaður  $0,02 \text{ m}/(\text{l/s})^2$ . Eftir borstangarbrotið í 1382 m 78-07-25 mældist rennsli hennar 10,5 l/s en stöðuþrýstingur TN-1 =  $1,50 \text{ kg/cm}^2$  ( $C = 0,14$ ), og að afloknum fiskunaraðgerðum og fóðrun 78-09-06 hafði rennsli enn minnkað í 4,6 l/s ( $C = 0,99$ ).

Dagana 78-09-06 - 78-09-14 var hola TN-2 þrýstiprófuð með pakkara. Dælt var fyrst undir pakkara í 572 m dýpi 20 l/s, og síðan í 1016 m, 13 l/s, og loks á holutoppinn, 30 l/s. Rennsli að aflokinni þrýstidælingu var 9,5 l/s,  $72^\circ\text{C}$ , og hafði aukist um 3 l/s við dælingu á topp og um 1 l/s

við dælingu í 1016 m en ekkert við dælingu í 572 m. Bakþrýstingur eftir þrýstdælingarnar féll á 1/2 - 4 mínútum í öllum dælingarbilunum og er það vísbending um vatnsæðar, stiflaðar við holuvegg, sem gætu hreinsast ef meira vatnsmagn með hærri þrýstingi væri tiltækt til dælingar í holuna, t.d. með bordælum Dofra.

Að aflokinni þrýstdælingu var þrepadælt í holuna (sjá myndir 9-14) og iðustreymisstuðull hennar reiknaður  $0,39 \text{ m}/(\text{l/s})^2$ .

### 5.2 Vatnsgæfni við Ytri-Tjarnir

Beinna áhrifa frá vatnsvinnslu á Laugalandssvæðinu hefur enn sem komið er ekki orðið vart í vatnsstöðu TN-1 né heldur hefur rennsli úr TN-1 og TN-2 haft merkjanleg áhrif á vatnsstöðu Laugalandsholanna, LJ-5, LJ-8, LD-9 og LN-10, sem skráð hefur verið með síritum. Það er því gert ráð fyrir tveimur aðskildum jarðhitakerfum við Laugaland og Ytri-Tjarnir, þar til annað kynni að koma í ljós.

Vatnsleiðni milli TN-1 og TN-2 var reiknuð út frá rennslis- og þrýsti-prófunum í holunum,  $T = 0,0021 \text{ m}^2/\text{s}$ , og rýmdarstuðull  $S = 0,00014$ . Hækjun vatnsstöðu í TN-1 eftir lokun hennar 78-05-31 - 78-06-17 og viðbrögð hennar við skammtímarennсли og dælingu í TN-2 bentu til vatnsgæfninnar  $0,5 \text{ l/s}$  á hvern m vatnsstöðulækkunar, miðað við eins árs samfellda vatnsvinnslu. Síðari mælingar gerðar í holunum meðan dælt var úr TN-1  $35-65 \text{ l/s}$  (79-03-31 - 79-05-28) benda til mun þrengri afmarkana jarðhitakerfisins en áður höfðu komið fram og e.t.v. nokkurra vatnsfræðilegra tengsla við Laugalandskerfið. Samkvæmt seinni mælingunum virðist óvarlegt að áætla vatnsgæfni Ytri-Tjarna kerfisins meiri en  $0,3 \text{ l/s}$  á m miðað við eins árs vatnsvinnslu.

Sé upphaflegur stöðuprýstingur kerfisins áætlaður  $+40 \text{ m}$  verður lágstreymisvatnsstaða þess  $-160 \text{ m}$  frá holutoppi eftir  $60 \text{ l/s}$  vatnsvinnslu í 1 ár. Vatnsstaða vinnsluholanna verður lágstreymisstaða að viðbættri iðustreymismótstöðu. Vinnsluvatnsstaða holanna miðað við afköstin  $45 \text{ l/s}$  og  $15 \text{ l/s}$  og ofangreint tímabil yrði þá  $-200 \text{ m}$  í TN-1 en  $-248 \text{ m}$  í TN-2. Er þá gert ráð fyrir að viðgerð takist á fóðringu TN-1 og að afköst hennar verði ekki lakari en þau voru 31. maí 1978,  $C = 0,019 \text{ m}/(\text{l/s})^2$ .

Þrýstertilraun með öflugri dælum en tiltækjar voru 6.-14. sept. 1978, t.d. bordælum Dofra, gætu hugsanlega aukið afköst TN-2, sérstaklega neðri og heitari vatnsæða hennar sem lokaðust vegna fiskunaraðgerða í borun.

TAFLA 2 - Prýstiprófun á TN-2 dagana 7.9. - 14.9.1978

-20-

Dælt í bil n-n	Dæling nr.	Dæling tími	Dælt 1/s	Mældur prýst. kg/sm <sup>2</sup>	Útreikn. prýst. kg/sm <sup>2</sup>	Balkprýstingur hværfur	Magn í tonnum
1010-botns	6	0.50	12,8	61,3-63,4	37,6-39,7		38,6
	6	5.15	13,1	63,4-64,1	39,2-39,9	4-5 mín.	246,8
Samtals		21.04					971.4
0-botns	1	0.05	26,1	35,2-39,4	35,2-39,4		7,6
	1	0.05	24,5	39,1	39,1		7,3
	1	0.10	23,7	39,1-39,4	39,1-39,4		14,2
	1	5.25	21,2	38,7	38,7		413,7
	1	3.00	23,7	38,7	38,7		255,6
	1	0.17	24,1	33,7	33,7	1/2-1 mín.	24,5
	2	2.07	29,4	43,0-43,7	43,0-43,7		223,8
	3	1.53	29,0	39,4-42,2	39,4-42,2	1/2-1 mín.	196,6
Samtals		13.02					1143,4
0-botns	1	2.50	30,0	24,6-38,7	24,6-38,7		234,0
	1	4.45	29,4	37,0-38,7	37,0-38,7		502,7
	2	2.25	29,4	35,9-37,0	35,0-37,0		255,8
	4	1.35	29,4	33,8-36,3	33,8-36,3	1-2 mín.	167,6
Samtals							

TAFILA 2 - Frh.

Prýstiprófun á TN-2 ðagane 7.9. - 14. 9

Dælt í bil m-n	Dæling nr.	Dæling tími	Dælt 1/s	Mældur þrýst. kg/sm <sup>2</sup>	Útreikn.þrýst. kg/sm <sup>2</sup>	Bakþrýstingur hverfur	Magn í tonnum
572-botns	1	0.25	23,7	56,3-60,6	15,1-18,8		35,5
	1	0.40	22,8	61,3-62,7	23,0-24,4		54,8
	2	0.16	19,6	49,3	21,3		18,8
	3	1.20	19,2	49,3-53,5	21,6-25,8		92,0
	3	2.50	18,8	54,9-56,3	27,6-29,0		191,4
	3	0.10	19,2	56,0	28,3		11,3
	3	1.25	19,6	55,6-56,3	27,0-27,7		99,9
	3	0.20	20,0	55,6	26,3		24,0
	4	1.05	19,2	54,2-54,9	26,5-27,2		74,8
	4	3.30	20,4	59,5-60,2	28,0-28,7		257,0
<b>Samtals</b>							
%010-botns	1	3.24	12,2	57,7-63,7	36,5-42,5	4-5 mín	149,8
	2	0.45	12,8	64,4-65,8	40,7-42,1		34,7
	2	0.30	11,8	62,0	42,8		21,3
	2	2.30	12,2	-63,4	-42,2		110,2
	2	0.30	12,8	?	?		23,1
	2	2.00	12,6	?	?		91,1
	2	0.15	13,1	?	?		11,7
	3	3.50	13,1	?	?		180,2
	4	0.15	18,3	þrýstimaðir bilaður			16,9
	5	1.00					47,0

Frýstiprófun á TN-2 ðagana 7.9. - 14.9.1978

M-n	Dælt í bil nr.	Dæling tími	Dælt l/s	Máldur frýst. kg/sm <sup>2</sup>	Útreikn. frýst. kg/sm <sup>2</sup>	Balkþrýstingur hverfuf	Magn í tonnum
0-botns	1	4.45	30,2	26,8-35,2	26,8-35,2	1-2 min	516,4
	2	4.40	30,2	28,2-35,9	28,2-35,9	1-2 min	507,4
Samtals		9.25					1023,8

6 HELSTU NIÐURSTÖÐUR

---

1. Forsendur fyrir staðsetningu borholu á Ytri-Tjarnasvæðinu hafa staðist fram til þessa í meginatriðum. Þar var í upphafi gert ráð fyrir vatnsleiðurum með nokkurra gráða fráviki frá lóðréttu. Sama viðmiðun mun því verða notuð áfram við staðsetningu á holum.
2. Vísbending hefur fengist um það að vatnsæðar í TN-2 séu stíflaðar við holuvegg og að þar mætti hreinsa ef meira vatnsmagn með hærri þrýsting væri tiltækt til dælingar í holuna, t.d. með bordælum Dofra (Gufubors). Mætti þannig lækka iðustreymismótstöðuna nær því sem áætlað var er holan var 1422 m djúp 17. júlí 1979.

HEIMILDASKRÁ

---

Ásgrímur Guðmundsson, Hrefna Kristmannsdóttir & Þorsteinn Thorsteinsson  
1978: Boranir í Eyjafirði. Hola GG-1 á Grísa. Orkustofnun,  
OS-JHD-7823, 12 s.

Ásgrímur Guðmundsson, Hrefna Kristmannsdóttir & Þorsteinn Thorsteinsson  
1978: Hola LG-11 á Syðra-Laugalandi í Eyjafirði. Borun, jarðlög  
og frumtúlkun mælinga. Orkustofnun, OS-JHD-7852, 22 s.

Axel Björnsson & Kristján Sæmundsson 1975: Jarðhiti í nágrenni Akur-  
eyrar. Orkustofnun, OS-JHD-7557, 18 s.

Axel Björnsson, Kristján Sæmundsson, Sigmundur Einarsson, Freyr Þór-  
arinsson, Stefán Arnórsson, Hrefna Kristmannsdóttir, Ásgrímur  
Guðmundsson, Benedikt Steingrímsson og Þorsteinn Thorsteinsson  
1978: Hitaveita Akureyrar. Rannsókn jarðhita í Eyjafirði.  
Afangaskýrsla 1978. Orkustofnun, OS-JHD-7827, 91 s.

Jarðboranir ríkisins 1978: Borskýrslur Narfa, bindi I og II. Handrit  
í vörslu Jarðborana ríkisins.

**MYNDIR**

---




YTRI - TJARNIR  
Vinnslusvæði jarðhita

79.10.05.

ÁG / GSJ

Eyjafjarðarsýsla

F. 18700



V


YTRI - TJARNIR  
Jarðlagasnið A-A'


A

A  
TN-2

A  
TN-IB TN-I

Mynd 2






Mynd 3

### ORKUSTOFNUN


YTRI - TJARNIR  
Jarðlagasvið TN-I

179.02.14 AGIB	Evdifjarðarsvísá	F 18129
Blaðaf 2		

Álag og  
krónugerð



Álag og  
krónugerð



#### SKÝRINGAR:

- Olivin-þóleit basalt eða dílabasalt
- Þóleit basalt
- Dolerit (innskotsberg)
- Millilög
- Basalt breksía
- Móberg
- 'Oviss lagmót'
- Rauft
- Grønt
- Brúnt
- Grátt
- Zeólitar sérstaklega áberandi

Mynd 3

ORKUSTOFNUN


YTRI – TJARNIR  
Jarðlagasnið TN-1

790214 AG/IB

Blað 2 af 2


Eyjafjörðarsýsla



F 18129



**ORKUSTOFNUN**  
 YTRI – TJARNIR  
 Jarðlagasnið TN-1B  
 Eyjafjarðarsýsla  
 "7902 14. AG/IB  
 Blað 1af2

F 18130






Mynd 5	<u>ORKUSTOFNUN</u>	YTRI – TJARNIR Jarðlagasmið TN-2	79.02.14 AG/IS J-Eystr.	79.02.14
--------	--------------------	-------------------------------------	-------------------------	----------

Jarðlagasnið TN-2

F-18128

Jarðög Dýpi m Borhraði m / klst.



Alag og krónugerd

Borhraði m / klst

Dýpi m

Jarðög

Alag og krónugerd

-krónugerd

SKÝRINGAR:

Olivin-próleit basalt eða dílabasalt

póleit basalt

Dólerit (innskotsberg)

Milliög

Basalt breksia

Móberg

Öviss lagmöt

Rautt

Grænt

Brunt

Grátt

Zéolithar sérstaklega áberandi

## ORKUSTOFNUN


YTRI-TJARNIR

Jarðlagasnís TN-5

Mynd 5

F 18128

1980-6 AG 2 J-1411. Blað 2 af 2



Mynd 6


	ORKUSTOFNUN
	YTRI-TJARNIR
	Hitamælingar í TN-1

79.04.27.

ÁG / GSJ

Eyjafj.-sýsla-hitam.

F. 17184



Mynd 7

	ORKUSTOFNUN	79.04.27.
	YTRI - TJARNIR	ÁG / GSJ
	Hitamælingar í TN-2	Eyjafj.sýsla-hitam.
		F. I84II

Mynd 8

EXJAEJARÐARSSÝSLA  
EYJÓFLÓÐUR  
XH1 - Tjörnur  
MOKA 2  
MOKA 1

78.08.10  
Eftirlit 26 kl. 01.10 til dækkunum  
17.11.8

78.07.25  
Eftirlit 14 kl. 01.10 til dækkunum  
10.11.

1000  
1200  
1400  
1600  
1800  
2000  
2200  
2400  
2600  
2800  
3000  
3200  
3400  
3600  
3800  
4000

0 20 40 60 80 100

F 18410

Hildam. Eystafj. s.

AG/18

79.04.27.

Hildamgelinger i þorðum TN-2

ORKUSTOFNUN

Jarfarihladdeld





ORKUSTOFNUN

- 38 -

YTRI-TJARNIR  
Prýstidæling í TN-2 '78.09.07.  
Fyrir neðan 572m


'79.02.14.

'AG/IB

Eyjafjarðarsýsla

F 18122

Mynd 9





ORKUSTOFNUN

YTRI-TJARNIR

Þrýstdæling í TN-2 '78.09.08-09.09

Fyrir neðan 1010m


- 39 -

'79.02.14.

AG/IB

Eyjafjarðarsýsla


F 18123



AG/IB

Eyjafjarðarsýsla

F 18124





ORKUSTOFNUN

YTRI-TJARNIR

þrýstiprófun á TN-2 '78.09.12.-09.13

Dælt á toppinn

- 41 -


'79.02.14.

'AG/IB

Eyjafjarðarsýsla

F 18125

Mynd 12





ORKUSTOFNUN

YTRI - TJARNIR

Prýstiprófun í TN-2 '78.09.13-09.14

Dælt á toppinn

- 42 -


'79.02.14.

'AG/IB

Eyjafjarðarsýsla

F 18126

Mynd 13





ORKUSTOFNUN

- 43 -

YTRI - TJARNIR  
Þrapadæling í TN-2 '78.09.14


'79.02.14.

'AG/IB

Eyjafjarðarsýsla

F 18127

Mynd 14





V I Ð A U K I

Jarðlagalýsing borhola



TN-1 Jarðlagalýsing

22-26 m. Finkornótt, grásvart basalt (þóleit) með kvarsi og leir í blöðrum.

26-36 m. Fínkornótt, meðalgróft basalt. Svartar leiryrrjur sjást, enn fremur er bergið blöðrótt við lagamótin.

36-38 m. Rauðt og grænt millilag.

38-40 m. Grófkornótt eða dílótt dökkt basalt.

40-44 m. Ljósrautt millilag, vottur af grænum leir í því. Neðst er lagið aðeins brúnleitt.

44-56 m. Plagióklasdílótt basalt, með zeolítum, masdeníti og stilbíti ásamt kvarsi í sprungum. Frá 48-52 m ber nokkuð á rauðum og gráleitum sambreykskjum einnig er oxun nokkuð áberandi þar. Pyrit sést við neðri lagamótin.

56-58 m. Rauðleitt millilag.

58-70 m. Meðalgrófkornótt basalt, nokkuð blöðrótt við lagamótin. Pyrit sést í því. All mikil blöndun er af rauðleitum milllagskornum líklega ofar úr holunni.

70-78 m. Grásvart-svart smáplagióklasdílótt basalt, fínkornótt-meðalgróft. Grænsvartar leirsprungufyllingar sjást í því.

78-80 m. Ljósrautt millilag.

80-86 m. Grásvart meðalgróft basalt með grænsvörtum leirsprungufyllingum í. Pyrit sést einnig. Við neðri lagamótin virðist bergið grófkornótt og oxað og nokkuð sést þar af zeolítum og kvarsi.

86-104 m. Meðalgróft, grófkornótt plagióklasdílótt basalt. Niður í 98 m er bergið allmikið oxað og má þar sjá mikið af útfellingum svo sem skólesít, stilbit og kalsít og grænsvartan leir, en sú síðastnefnda er mest áberandi í neðstu metrunum. Lagamót geta verið á 91 og 95 m dýpi.

104-106 m. Rauðleitt millilag og oxað basalt. Zeolítar og leir sjást.

106-122 m. Grásvart-svart plagióklasdílótt basalt, en grunnmassi er nánast grófkornóttur. Oxun er all áberandi í efstu metrunum og svo neðst. Stilbit og/eða heulandít sést af og til.

122-124 m. Millilag.

124-130 m. Nánast svart meðalgrófkornótt plagióklasdílótt basalt. Svartur leir sést í sprunguflötum.

130-132 m. Rauðleitt millilag.

132-136 m. Grátt-grásvart plagióklasdílótt basalt.

136-138 m. Rauðt millilag.

138-146 m. Meðalgróft grænt ólivín-þóleiít með svörtum leir í.

146 m. Rauðt millilag.

146-150 m. Meðalgróft svart ólivín-þóleiít, en er fínkornótt og blöðrótt við neðri lagamótin.

150-154 m. Samskonar berg og að ofan.

154-166 m. Svart meðalgrófkornótt ólivín-þóleiít, efst sést mikið af svokölluðu rykseti en það eru mjög fínkornóttar agnir sem loða saman í smá molum. Við neðri lagamótin er bergið grárra.

- 166-172 m. Svart meðalgrófkornótt ólivín-þóleit. Svartar leirsprungufyllingar sjást. Neðst eru molarnir samlitaðri og líklegast er þar þunnt rauð millilag.
- 172-188 m. Svart meðalgrófkornótt ólivín-þóleit, sem í eru svartar leirsprungufyllingar. Neðst er bergið gráleitara og fínkornóttara.
- 188-192 m. Svart meðalgrófkornótt ólivín-þóleit grátt við efri lagamót en blöðrótt og oxarð við þau neðri þar má líka sjá fagurgrænan leir í blöðrum.
- 192-194 m. Rauð og grænt millilag.
- 194-214 m. Svart meðalgrófkornótt ólivín-þóleit, leirsprungufyllingar áberandi sem áður. Í 206 m er oxun áberandi og líklega lagamót. Neðst er bergið mjög oxarð og fáeinir rauðir millilagsmolar sjást.
- 214-224 m. Meðalgrófkornótt grunnsvart ólivín-þóleiít og grunnsvartur leir í sprungum og blöðrum.
- 224-244 m. Meðalgróft-grófkornótt ólivín-þóleit með svörtum leir í blöðrum og sprungum. Efst er bergið grábrúnna, fínkornóttara og leirinn er þar ljósgrænn, einnig sjást þar rauð millilags- og/eða sambreyeskjukorn. Á 236 m sjást fáeinir oxarðir molar og gæti verið um lagamót að ræða.
- 244-250 m. Grófkornótt svart ólivín-þóleiít. Svartur leir er í sprungum. Dreif er af útfellingum m.a. heulandít. Efst og neðst er bergið nokkuð oxarð og rykset er þar áberandi.
- 250-252 m. Rauð og grænt millilag, mikið af sægrænum mjög linum leir. Nokkuð blandað oxuðu bergi að ofan. Dreif af útfellingum.

- 252-262 m. Fínkornótt-grófkornótt ólivín-þóleiít. Mikið af zeolítum er á 256 m dýpi m.a. mordenít, skólesít, laumontít (skv. XRD) og kalsít. Bergið er jafnframt nokkuð ummyndað þar. Neðst er dreif af millilagsmolum.
- 262-280 m. Fínkornótt-grófkornótt ólivín-þóleiít. Zeólitar sjást í sprungum, enn fremur sést svartur leir á sprunguflötum. Smávægileg oxun sést í 274 m, sem gæti þýtt lagamót.
- 280-290 m. Meðalgróft-grófkornótt ólivín-þóleiít. Bergið er allt meira og minna litað af rauðum millilagslit, einnig oxun í efri hluta.
- 290-292 m. Vantar svarf.
- 292-294 m. Oxaður kargi ásamt kolumynduðu bergi.
- 294-308 m. Meðalgróft-grófkornótt ólivín-þóleiít. Grænsvartur leir er áberandi í því.
- 308-314 m. Fagurrautt og ljósrautt millilag í efstu tveimur metrunum. Þar fyrir neðan ber mest á grábrúnu rykseti ásamt mjög ummynduðu bergi. Fáeinrar holufyllingar m.a. skólesít.
- 314-324 m. Fínkornótt-meðalgrófkornótt þóleiít basalt, grásvert. Bergið er oxað efst.
- 324-332 m. Grænsvert-svart fínkornótt-meðalgrófkornótt ólivín-þóleiít. Efst er smádreif af millilagsmolum. Neðst sjást kvars og zeólitar (skólesít). Svarf vantar á 326-330 m.
- 332-344 m. Millilag. Efst sterkt-fagurrautt, en verður rauðbrúnt og hluti breyskjulegur í 336-338 m, með skólesíti í sprungum. Einning virðist nánast svart set vera í 338 m. Þá tekur við rauutt og grænt og er græni hlutinn nokkuð móbergslegur. Neðst er eingöngu grænt millilag, en misdökkt eða ljóst.

344-356 m. Fínkornótt-meðalgróft grásvart og svart ólivín-póleiít.  
Svartur leir sést í sprungum.

356-358 m. Bergið er rauðt og oxun ásamt oxuðum karga.

358-376 m. Dökkgrátt og dökkgrágrænt fínkornótt líklega póleiítbasalt.  
Leir er í blöðrum efst og einnig sést þar skólesít.

376-378 m. Ljósrauðt millilag, skólesít sést vel í því.

378-382 m. Fínkornótt grátt blöðrótt póleiít. Efst er það nokkuð oxað  
og er þar slatti af útfellingum m.a. skólesít, heulandít  
og grænn leir. Neðst er krökkt af útfellingum eins og  
laumontít, skólesít og stilbit ásamt leirhúð í blöðrum.

382-402 m. Fínkornótt-meðalgróft grátt og grágrænt basalt. Ól-póleiít  
eða porfyr samkv. frumsneið. Neðst er bergið mjög oxað og  
blöðrótt. Zeólitar (heulandít o.fl.) og grunnur leir eru  
áberandi ásamt rauðum útskunarlit.

402-406 m. Smáblöðrótt berg, rauðt af oxun, með grænum leir á. Einig  
